

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1138/2008 um styrki vegna hjálpartækja.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fylgiskjalinu „Hjálpartæki Sjúkratrygginga Íslands“ með reglugerðinni:

Í flokknum **04 Hjálpartæki til meðferðar og þjálfunar** verða eftirfarandi breytingar:

- a. Í stað orðanna „kr. 37.000“ í 2. mgr. í flokknum 0403 *hjálpartæki við öndunarmeðferð* kemur: kr. 25.000.
- b. Flokkur 04 03 03 *Lofthitarar, 70% til að hita innöndunarloft* fellur brott.
- c. Í stað orðanna „kr. 37.000“ í flokknum 04 03 06 *Innöndunartæki 70%* kemur: kr. 25.000.
- d. Í flokknum 0424 *Búnaður (tæki og efni) til mælinga (efnamælinga)* verða eftirfarandi breytingar:
 1. Í stað orðanna „geta fengið að hámarki 300 blóðstrimla á tólf mánaða tímabili (6 pakkningar)“ í c-lið 1. mgr. kemur: geta fengið að hámarki 50 blóðstrimla á tólf mánaða tímabili (eina pakkningu).
 2. Við c-lið 1. mgr. bætist nýr málslíður sem orðast svo: Á fyrsta ári eftir greiningu geta þeir þó fengið að hámarki 100 blóðstrimla á tólf mánaða tímabili (tvær pakkningar).
- e. Flokkur 04 48 92 *Stuðningshjól (hjálpardekk á hjól)* hámarksstyrkur samkvæmt verðkönnun hverju sinni fellur brott.

Í flokknum **09 Hjálpartæki við persónulega aðhlyningu og fatnaður** verður eftirfarandi breyting:

Í stað orðanna „*Hlífðarhanskar og hlífðarvettlingar 100%*“ í flokknum 09 06 15 kemur: *Hlífðarhanskar og hlífðarvettlingar 100%*. Samþykkt magn einnota hanska miðast að hámarki við fimm pör á dag og tveggja mánaða birgðir í senn fyrir hvern einstakling. Heimilt er þó að veita fimm pör (tíu stk.) á sólarhring fyrir einstaklinga með öndunartæki, stóma eða annan búnað tengdan/áfastan líkama.

Í flokknum **12 Ferlihjálpartæki og hjálpartæki við flutning** verður eftirfarandi breyting:

Flokkur 12 24 94 *Yfirbreiðslur á hjólastóla*, 100% fellur brott.

Flokkur **15 Hjálpartæki við heimilishald** fellur brott.

Í flokknum **18 Húsúnaður** verður eftirfarandi breyting:

Flokkur 18 09 12 *Lyftistölar/lyftisetur* („katapultstölar/-sæti“) 100% fellur brott.

Í flokknum **21 Hjálpartæki til tjáskipta, upplýsinga og viðvörunar** verða eftirfarandi breytingar:

- a. Flokkur 21 10 06 *Prentarar* 100% fellur brott.
- b. Flokkur 21 12 12 *Viðbótarminniseining og/eða diskdrif*, 100% fellur brott.
- c. Flokkur 21 24 03 *Sérhannaðir pennar*, 50% fellur brott.
- d. Í flokknum **2151 Viðvörunarkerfi. Öryggiskallkerfi** bætist nýr málsl. við 1. tölul. 1. mgr., sem verður 2. málsl. og orðast svo: Frá skilyrðinu um að umsækjandi búi einn má víkja ef umsækjandi býr við svo mikla fötlun að hann getur ekki hringt í síma/farsíma.

Í flokknum **24 Hjálpartæki til að meðhöndla tæki eða hluti** verða eftirfarandi breytingar:

- a. Flokkur 24 06 03 *Opnarar* til að opna flöskur, dósir og önnur ílát, 50% fellur brott.
- b. Flokkur 24 18 06 *Aðlöguð grip* 50% fellur brott.

Nr. 1041

28. desember 2010

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 26. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, öðlast gildi 1. janúar 2011.

Heilbrigðisráðuneytinu, 28. desember 2010.

Guðbjartur Hannesson.

Guðríður Þorsteinsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 29. desember 2010